



Borgarráð

### ***Römpum upp Ísland - opinberar byggingar***

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland þar sem Römpum upp Ísland býður hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu en hingað til hefur verkefnið einblínt á aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila. Reykjavíkurborg myndi senda inn tillögur að staðsetningum rampa og taka mið af umsögn aðgengis- og samráðsnefndar frá 26. október sl. um málið. Samstarfið felur ekki í sér aukinn beinan kostnað.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi Römpum upp Ísland til borgarstjóra, dags. 26. september 2023.

Erindi Innviðaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar varðandi verkefnið Römpum upp Ísland, dags. 2. október 2023.

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland, dags. 26. október 2023.

**Frá:** Römpum upp Ísland <[rampur@rampur.is](mailto:rampur@rampur.is)>  
**Sent:** þriðjudagur, 26. september 2023 10:29  
**Til:** Dagur B Eggertsson <[dagur.b.eggertsson@reykjavik.is](mailto:dagur.b.eggertsson@reykjavik.is)>  
**Efni:** Römpum upp opinberar byggingar



Sæll Dagur.

Reikna má með að Römpum upp Ísland ljúki gerð 1000 rampa í desember n.k. Þá er náð upphaflegu markmiði, ári á undan áætlun.

Sú ákvörðun var hins vegar tekin síðastliðið haust að færa markmiðið úr gerð 1000 rampa í 1500 fyrir 10. mars 2025.

Hingað til höfum við einbeitt okkur að aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila. Á stjórnarfundum RUÍ 19. september sl. var tekin ákvörðun um að bjóða hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu.

Sé vilji til staðar væri um nána samvinnu við starfsfólk RUÍ að ræða.

Almennt er rampagerðin hugsuð svona:

Römpum upp Ísland gerir aðgengi að byggingum, viðkomandi að kostnaðarlausu hvað varðar vinnu við rampa, hellur, tæki og tól.

Við byrjum á römpum:

- þar sem hæð að hurðargati er 3 - 15 cm
  - þar sem hurðarop er 83 cm eða meira
  - þar sem stétt er hellulögð og nægjanlega breið til að rúma ramp og gönguleið.
- Miðað við ofantalin hæðarmörk má hallinn ekki vera meira en 1:12 sem segir að t.d. 10 cm hæð við hurðargat á láréttum fleti kallar á ramp, 1,20 cm á lengd
- Við getum unnið þar sem er steypt eða malbikuð stétt en þá þyrftu viðkomandi að saga og fjarlægja efnið

3 - 15 cm hækkun er almennt í formi bungu sem er aflíðandi frá hurð í halla 1:12

RUÍ mun teikna allar aðgengisbreytingar og leggja þær fyrir viðkomandi

Reiknað er með að opinberir aðilar sinni ákveðinni undirbúningsvinnu

- Móttaki teikningar sem verða samþykktar eða gerðar breytingartillögur á

- Fáí jákvætt svar frá rekstaraðilum (ekki er reiknað með rekstrarstöðvun á meðan á framkvæmd stendur)
- Útvegi bílastæði fyrir pallbíl og kerru við verkstaði
- Útvegi sand til rampagerðar
- Sjái um losun úrgangs
- Komi á sambandi við þá sem sjá um hitalagnir í stétt, þar sem þær eru til staðar (ef eitthvað kemur upp á)
- Standi straum af leyfiskostnaði, ef einhver er

RUÍ kemur hellum á staðinn sem og mannskap, tækjum og tólum til að vinna verkið en óskar eftir því að sveitarfélagið útvegi hádegismat á meðan á verkinu stendur

Reikna má með að miðað við hindrunarlausa vinnu sé framkvæmd við ramp sem leysir aðgengi að hurðargati í 10 cm hæð, u.þ.b. eitt og hálf dagverk.

Í undantekningartilfellum, þar sem talin er brýn þörf á hærri ramp, er verktími lengri.

Þar sem líður að lokum verkefnisins og meta þarf umfangið miðað við sett markmið eru þeir aðilar sem óska eftir samstarfi beðnir um að skanna þá staði sem til greina koma og senda á [rampur@rampur.is](mailto:rampur@rampur.is), mynd af inngangi, hæð frá stétt og að efstu brún þröskuldar, breidd á hurðargati og breidd á stétt, sé hún til staðar. Einnig þarf að koma fram ef halli er á stétt.

Gott væri að fá umsóknir sem fyrst og ekki síðar en 10. desember, nk.

Kv, Þorleifur Gunnlaugsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri RUÍ  
S 820 4020

**From:** Sigrún Dögg Kvaran <sigrun.kvaran@irn.is>  
**Sent:** mánudagur, 2. október 2023 14:21  
**To:** hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; radhus@arborg.is; akranes@akranes.is; Ráðhús skjalasafn <radhus@reykjavik.is>; kopavogur@kopavogur.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; grindavik@grindavik.is; skrifstofa@vogar.is; thjonustuver@borgarbyggd.is  
**Cc:** Þorleifur Gunnlaugsson <thorleifur.gunnlaugsson@gmail.com>  
**Subject:** Römpum upp Ísland

Góðan dag,

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur haft aðkomu að verkefninu Römpum upp Ísland frá upphafi verkefnisins og hefur heimild til að leggja verkefninu til 200 millj. kr. samkvæmt breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 (framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga).

Stjórn RUÍ ákvað á stjórnarfundi þann 19. september s.l. að bjóða hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu.

Meðfylgjandi er erindi frá Römpum upp Ísland.

Með bestu kveðju,  
Sigrún



**Sigrún Dögg Kvaran, sérfræðingur**

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Borgarráð

***Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland***

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks sem haldinn var þann 19. október 2023, var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. nóvember 2023, með beiðni til nefndarinnar um umsögn um útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland sem greint var frá í erindi innviðaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar dags. 2. október 2023.

Aðgengis- og samráðsnefnd samþykkti eftirfarandi umsögn um málið:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks fagnar því að til standi að útvíkka verkefnið Römpum upp Ísland til þess að innihalda opinberar byggingar. Nefndin leggur til að auk þeirra atriða sem borgin myndi leggja til þá yrði leiðarlínum fyrir blinda og sjónskerta bætt við þá rampa sem gerðir eru. Þá leggur nefndin til að skólar og leikskólar verði settir í forgang og þá verði einnig horft til bráðabirgðahúsnæðis sem nýtt er þegar færa þarf kennslu annað vegna framkvæmda.

Virðingarfyllst,  
Tómas Ingi Adolfsson  
*Miðlæg stjórnslá*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*